

Reykjavík, 13. október 2021

Ósk um leyfi fyrir utanvegahlaup

Bréf þetta er ósk um leyfi fyrir nýtt utanvegahlaup í Garðabæ miðvikudaginn, 15. ágúst nk. kl. 18:30. Hlaupið verður auglýst á www.hlaup.is. Um er að ræða 10 km hlaup frá Guðmundarlundi í átt á Vífilsstaðavatni og til baka að Guðmundarlundi og annar hringur að Elliðavatni. Hlaupið stendur yfir í um 1,5 klst. Einnig er stefnan að hægt sé að hlaupa bara annan hringinn (í átt að Vífilsstaðavatni) og er sá hringur um 4 km. Hlaupin yrðu á sama tíma. Leiðina má sjá á myndinni að neðan.

Þeir sem standa að hlaupinu eru eigendur Hlaupaverslunarinnar Hlaupárs (Þórdísi og Hlyni). Við erum utanvegahlauparar og höfum verið hlaupastjórar áður t.d. í Þórsmörk og Lónsöræfum.

Við leggjum gríðarlegan metnað í að skila svæðinu af okkar í upprunalegu horfi. Brautin er merkt með örgrönnum veifum (sem skila ekki eftir sig ummerki) sem teknar verða eftir hlaup ásamt öllu rusli sem kann að hafa fokið (okkar reynsla er að hlauparar eru mjög snyrtilegir og þegar við höfum hreinsað brautina strax eftir hlaup er nánast ekkert rusl). Við ætlum einnig að gefa 400 kr af hverju miðaverði til Skóræktarinnar, til uppbyggingar á stígum.

Vonast er eftir að fjöldi hlaupara verði um 250-350 manns.

Eftirfarandi leyfi hafa þegar verið staðfest:

1. Leyfi frá staðarhaldara í Guðmundarlundi, búið er að leigja Grillhófið í Guðmundarlundi og leyfi hefur fengist að hlaupið hefjist og ljúki þar. Mikil velvild þeirra megin að vinna þetta í samsarfi.
2. Leyfi frá Skógræktinni um að fara í gegnum skógræktarsvæði í Sandhlíð fékkst síðasta haust en eigum eftir að fá staðfestingu á þessari tímasetningu.

Umsóknir í gangi:

3. Samskonar leyfi frá Kópavogsbæ, við ræddum við þá í haust og þeir voru mjög jákvæðir.
4. Erum að ræða við lögregluna til að upplýsa hana
5. Erum að ræða við björgunarsveitina að vera með sjúkratjald

Með von um jákvæð viðbrögð um skemmtilegan viðburð í ykkar hverfi,

Þórdís Wathne (s. 8971983) og Hlynur Guðmundsson (8927877), hlaupahaldarar.

